



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

29.02.2016
1602073 HBH

Efni: Nefsholt ehf, Umsögn vegna rekstrarleyfis

Umsögn vegna rekstrarleyfis

Efni: Beiðni um umsögn barst frá Sýslumanninum á Suðurlandi þ. 29.2.2016 sl. vegna umsóknar Nefsholts ehf um leyfi fyrir gistingu í flokki II í gistiskálum sínum á tjaldsvæði í landi Nefsholts, Rangárþingi ytra.

Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, enda séu aðeins leigð út þau herbergi eða rými sem samþykkt eru skv. teikningum. Skráning í Fasteignaskrá segir að um 3 stk 31,2 m² sumarhús séu að ræða.

Ekki er tekin afstaða til eignarhalds með þessari umsögn.

Litið er svo á að um heilsárs notkun sé að ræða og verður gjaldflokkur fasteignagjalda uppfærður miðað við þá notkun. Viðkomandi fasteign verður því uppfærð í skattflokk C og álagning fasteignagjalda leiðrétt sem því nemur.

Áréttað er að neysluvatn á staðnum þarf að uppfylla kröfur um gæði vatns skv. reglugerð nr. 536/2001 m.s.br.

Virðingarfyllst,

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi